

## Stjörnuver

Í Akurskóla er samkenndi í 5. - 6. bekk og fórum við með alla 33 nemendurnar í einu í stjörnuverið.

Nemendurnir voru rosalega spenntir fyrir þessu en deginum áður þá fórum við með þeim í umræðu um himingeiminn og leyfðum þeim að segja hvað þau vissu um hann. Það kom í ljós að margir vissu mikið um efnið og margoft vorum við alveg kjafstopp yfir vitneskju þeirra um efnið. Nemendunum fannst mjög gaman að fara í stjörnuverið og Snævarr fékk margar spurningar.

Eftir heimsóknina í stjörnuverið ræddum við um það og svo skrifuðu nemendur greinagerð hjá sér. Við settum nokkrar setningar á töfluna sem kom þeim í gang.

- Hvað fannst þér athyglisverðast?
- Hvað var skemmtilegt að sjá?
- Hvað kom þér á óvart?
- Hvað vissir þú fyrir?



Nemendur fengu síðan að teikna frjálst, myndir sem tengdust stjörnuverinu. En við sóttum á bókasafnið nokkrar bækur sem tengjast himingeimnum. Að lokum settu þeir blöðin í Portfolio möppuna sína.



Kveðja Sólveig og Elín Rós  
umsjónarkennarar Silunga og Laxa

## Þorramatur



Föstudaginn 9. febrúar var boðið uppá þorramat í skólanum. Ekki var annað hægt að sjá en að þessi matur hafi verið vinsæll hjá krökkunum þó að súru pungarnir og hákarlinn hafi síst verið etið. Harðfiskurinn, hangiketið og slátrið rann hinsvegar ljúflega niður.



## Öskudagur

Bolludagur er mánudaginn 19. febrúar og mega nemendur koma með bolla í nesti. Þriðjudagur 20. febrúar er sprengidagur og verður saltkjöt og baunir í hádegismatinn. Öskudagurinn er miðvikudagurinn 21. febrúar. Í skólanum verður mjög gaman á öskudaginn. Dagurinn er svokallaður skertur dagur, þ.e. skóladeginum lýkur klukkan 11:10. Fyrstu tvo tímuna verður hver bekkur með sínum umsjónarkennara en síðan, eftir frímínútur kl. 9:50 til 11:10 verður fjölbreytt skemmtidagsskrá í boði. Hádegismatur verður borinn fram að lokinni dagskrá, svo nemendur fara saddir heim eða á öskudagsrölt. Auðvitað mæta allir í grímubúningum í skólann. Frístundaskólinn verður opin að venju til klukkan 17:00. Þeir sem ætla að nýta sér þjónustuna látið starfsmenn Frístundaskólans vita.



  
Sparisjóðurinn í Keflavík

## Stóra upplestrarkeppnin



Skólakeppni Stóru upplestrarkeppninnar í Akurskóla var haldin fimmtudaginn 15. febrúar. Stóra upplestrarkeppnin er haldin í 7. bekk í öllum grunnskólum landsins. Þar lesa nemendur upp texta og ljóð að eigin vali. Mánuðina fyrir keppnina fá



nemendur kennslu og þjálfun í því að koma fram og lesa upp. Valdír voru tveir nemendur úr hópi þeirra sem lásu upp og munu þeir taka þátt í Lokahátíð Reykjanesbæjar sem verður í Ytri-

Njarðvírkirkju miðvikudaginn 14. mars kl. 16:30. Þeir sem valdir voru eru Lovísa Mjöll Jónsdóttir og Sigurborg Lúthersdóttir. Hlutu þær vegleg bókaverðlaun frá Pennanum-Eymundsson í Reykjanesbæ. Við óskum þeim til hamingju og öllum nemendum 7. bekkjar fyrir þátttökuna.

## Starfsdagur


Næsti starfsdagur í skólanum verður miðvikudaginn 7. mars. Engin kennsla fer fram þennan dag og því frí í skólanum hjá nemendum. Frístundaskólinn verður auðvitað opinn fyrir þau börn sem hann sækja en foreldrar eru beðnir um að láta forstöðumann Akurskjóls vita ef þau hyggjast nýta sér þjónustuna.

## Endurskinsmerki og óskilamunir

Okkur langar að minna á endurskinsmerkin. Nú er enn mikið myrkur þegar við göngum í skólann á morgnana og oft erfitt að sjá nemendur á gangi, sérstakleg þau sem eru dökkklædd. Einnig er mikilvægt að merkja fót nemenda þar sem mikið safnast upp af óskilafatnaði.

## Pennaveski og skólatöskur

Mikilvægt er að yfirfara reglulega pennaveskin og athuga hvort eitthvað vantar í skólatöskur. Nú þegar liðið er á veturinn er marga farið að vanta blýant eða strokleður.



## Veikindi og leyfi

Kæru foreldrar og forráðamenn okkur langar að minna á að þegar börn ykkar eru veik þarf að tilkynna veikindi samdægurs og fyrir hvern dag. Þegar sækja þarf um leyfi fyrir einn dag er talað við umsjónarkennara eða ritara. Ef um lengra leyfi er að ræða þarf að sækja um það skriflega á skrifstofu skólans.



Þrír félagar voru að flytja í 50 hæða blokk þar sem var engin lyfta.

Þegar þeir voru komnir upp á þriðju hæð sagði einn þeirra: "Hey ég þarf að segja ykkur dálítið." Æ segðu okkur það þegar við erum komnir upp, svöruðu hinir.

Þegar þeir höfðu labbað upp alla stigana spurðu þeir. Hvað er það sem þú ætlaðir að segja okkur?


„Ég gleymdi lyklunum niðri“!!!!



Fill og mús voru á leið yfir brú.

Fillinn: mikið svakalega brakar í brúnni, ég held hreinlega að hún sé að detta í sundur.

Músin: það er nú engin furða þegar við erum bæði á henni í einu.



## Reykir og fjáröflun — Myndir úr skólalífinu

Dagana 19. til 23. febrúar er fyrirhuguð ferð 7. bekkjar að Reykjum í Hrótafirði. Á Reykjum eru starfræktar skólabúðir sem hafa verið mjög vinsælar síðustu áratuginna. Þangað koma nemendur frá flestöllum skólum landsins og dvelja í fimm daga. Þeir sem áhuga hafa á að kynna sér starfið frekar geta farið á heimasíðu skólans [www.skolabudir.is](http://www.skolabudir.is) Nemendur 7. bekkjar hafa verið einstaklega duglegir við að fjármagna ferðina sína. Í desember sáu þau um kaffisölu á föndurdegi foreldrafélagsins. Síðan hafa þau á síðustu mánuðum selt jólakort, pappír og plastpoka og núna síðustu vikuna eru þau að safna flöskum og dósum.



## Kópar og kiðlingar

Kópar og Kiðlingar hafa nú nýlokið prófum og af því tilefni fengu þau að horfa á teiknimynd með tilheyrandi popp og djúsveislu. Mæltist þetta vel fyrir hjá krökkunum sem sannarlega áttu skilið að hvíla sig ögn á bókunum.

Nú eru Kópar og Kiðlingar að vinna þemaverkefni sem tengist gamla tímanum á Íslandi. Þar fræðumst við um það hvernig lífi krakkanna í gamla daga var háttað, s.s. hvað þau borðuðu, hverju þau klæddust og hvernig þau léku sér. Þegar umræðan um matarvenjur fyrr á öldum stóð sem hæst voru allir á einu máli um að gott væri að vera barn nútímans!

## Stærðfræðipraut

**Fór ég ferð á fjalli á leiðinni mætti ég kalli, vorum með kallinum synir hans sjö. Með syninum hverjum lömbin tvö. Hve margir fóru fætur heim að fjalli? Reiknaðu nú reikningsmaðurinn snjalli.**

*Lausnir skilist inn til Rósu fyrir 15. mars. Dregið verður úr réttum lausnum.*


Vinningshafn fyrir réttar lausnir úr þraut síðasta tölublaðs var Ágúst Ísfjörð í Hvolpum. Við óskum honum innilega til hamingju.

**Hér að neðan eru lausnirnar við síðustu þraut.**

**Þraut 1: 76**

**Þraut 2: 75**

**Þraut 3: 271**



# Pennavinir í Bandaríkjunum

Laxar og Silungar voru að fá fyrstu bréfin frá pennavinum sínum í Norður Karólínu í Bandaríkjunum. Við höfum verið að safna upplýsingum og skipuleggja bréfaskriftir í haust og nú loksins hafa fyrstu bréfin skilað sér. Nemendur hafa verið mjög spenntir og voru sérstaklega ánægðir að fá bréfin sín á þriðjudaginn. Einn nemandi þar skrifast á við einn eða tvo nemendur hér og allir fá eitt bréf. Flestir nemendur fengu mynd af pennavinum sínum. Við fengum einnig senda bekkjarmynd sem búið er að hengja upp í stofunni ásamt almennum upplýsingum um Bandaríkin. Hugmyndin er að nemendur þjálfist í að skrifa hefðbundin bréf á ensku, auki orðaforða og þjálfist í að tjá sig í rituðu máli á ensku. Nemendur munu einnig vinna hópverkefni til þess að fræðast um land og þjóð.



## Akurskjóli

Við í frístundaskólanum erum að fönðra gleraugu þessa dagana, en ætlunin er að halda stórt og og mikið gleraugnaball þegar allir verða tilbúnir með sín gleraugu. Starfið í vetur hefur gengið vel hjá okkur, enda frábærir krakkar samankomnir í frístundaskólanum Akurskjóli. Meðfylgjandi myndir eru teknar úr starfinu.



## Félagslíf

Mánudaginn 5. febrúar var haldið videokvöld fyrir nemendur í 7. bekk. Horfðu allir saman á góða grínmynd og var því mikið hlegið það kvöld. Krakkarnir voru eins og alltaf alveg frábærir þetta kvöld og virtust flestir skemmta sér mjög vel.



Árshátíð Akurskóla verður haldin 16. mars næstkomandi. Takið eftir að þetta er breytt dagsetning frá gildandi skóladagatali. Nánari upplýsingar um árshátíðina koma síðar en heyrst hefur að bekkirnir séu þegar byrjaðir að skipuleggja sín skemmtiatriði.

## Nýir starfsmenn

Nýir starfsmenn hafa hafið störf í Akurskóla. Björn Guðmundur leysir Garðar húsvörð af á meðan hann er í fæðingarorlofi. Krístrún Óskarsdóttir hefur bæst í hóp starfsmanna og sér um stuðning í Löxum og Silungum. Starfsfólk Akurskóla er duglegt að fjölga Íslendingum. Tveir kennarar Sesselja og Sif munu á næstu mánuðum fara í fæðingarorlof og hafa verið ráðnir nýir kennarar í þeirra störf. Það eru þær Margrét Einarsdóttir og Helena Borgarsdóttir og hófu þær störf um síðustu áramót.



## Námskeið fyrir foreldra og börn



Í lok febrúar og byrjun mars hefur verið ákveðið að bjóða foreldrum að sækja námskeið ásamt börnum sínum. Hvert námskeið verður tvö skipti um tvær klukkustundir í senn. Fjöldi námskeiða er sex en eingöngu er hægt að sækja eitt námskeið. Námskeiðsgjald er 1000 kr. fyrir einstakling. Efniskostnaður er ekki innifalinn en það fer eftir eðli námskeiðsins hver hann verður.

Eftirtalin námskeið eru í boði: leikir og samskipti, glerlist, þæfing, tæknilego, skák og dans. Nánari upplýsingar um námskeiðin verða sendar heim með börnunum von bráðar. Ath. að börnin geta ekki mætt ein á námskeiðin.

# Kornið

Fréttabréf Akurskóla

Ábyrgðarmaður: Dröfn Rafnsdóttir

Akurskóli  
Tjarnabraut 5  
S: 420 4550 Fax: 420 4551  
www.akurskoli.is  
akurskoli@akurskoli.is